

Vilja verulegar breytingar á frumvarpinu

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins vill sjá verulegar breytingar á frumvarpi um stuðning við fjölmiðla áður en það verður lagt fram að nýju í haust. Ekki tókst að mæla fyrir frumvarpinu á þessu þingi.

FJÖLMIDLAR Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins leggur mikla áherslu á að fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, taki verulegum breytingum áður en það verður lagt fram að nýju í haust. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins innan þingflokksins.

Einn heimildarmaður blaðsins segist raunar ekki muna eftir öðru stjórnarfrumvarpi sem hafi verið afgreitt úr þingflokki með jafn miklum fyrirvörum. Þannig muni þingflokkurinn meðal annars setja það skilyrði að tekið verði á mál-efnum RÚV. Að minnsta kosti verði settar miklar skorður við samkeppnisrekstri félagsins og það helst dregið alveg af samkeppnismarkaði.

Frumvarp Lilju sem ætlað var að styrkja stöðu einkarekinna fjölmiðla komst ekki til umræðu áður en Alþingi fór í sumarleyfi. Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að þótt frumvarpið hafi verið afgreitt út úr þingflokki hafi verið samstaða um að það færi ekki í gegn á þessu þingi. Ljóst sé að fyrirvarar séu hjá mörgum þingmönnum flokksins.

„Ég held að það sé alveg deginum ljósara að það voru ekki allir í þingflokki sáttir við frumvarpið eins og það var lagt fram. Ráðherra fannst mikilvægt að leggja málið fram svo það fengi kynningu og einhverja umræðu. Það yrði svo verkefni næsta þings að ná þessu í gegn,“ segir Bryndís.

Þegar ráðherra kynnti frumvarpið í lok janúar sagði hann að málefni RÚV yrðu skoðuð síðar. Endanleg útgáfa frumvarpsins leit svo dagsins ljós í maí en þá hafði málsgrein verið bætt við greinargerð um að

Ef það er einhver alvara í því að styrkja stöðu sjálfstæðra fjölmiðla þá verða menn að taka á þátttöku RÚV á samkeppnismarkaði

Óli Björn Kárasón, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



skoða ætti tekjuuppbyggingu RÚV.

Frumvarpinu var ekki dreift á Alþingi fyrr en 20. maí þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi afgreitt það 3. þess mánaðar. Voru þær tafir meðal annars raktar til andstöðu innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Að mati Óla Björns Kárasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, er staða RÚV lykilaríði. „Ef það er einhver alvara í því að styrkja stöðu sjálfstæðra fjölmiðla þá verða menn að taka á þátttöku RÚV á samkeppnismarkaði þar sem það nýtur yfirburða. Það verður að jafna leikvöllinn,“ segir Óli Björn.

Eitthvað verði að gera en mikill meirihluti þingsins vilji vernda RÚV. „Það má ekkert gera sem raskar stöðu RÚV og þá skil ég ekki hvernig menn ætla að jafna leikvöllinn.“

Annar heimildarmaður segir málið snúið fyrir flokkinn þar sem verið sé að búa til styrkjakerfi sem gangi gegn grunnhugmyndum hans um atvinnulíf. Hins vegar telji ýmsir það réttlætlegt í ljósi ójafnrar stöðu einkarekinna fjölmiðla. - sar

Evrópubúum mun fækka

HEIMSMÁL Jarðarbúar verða tæplega ellefu milljarðar árið 2100 samkvæmt nýrri mannfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna. Um miðja öldina er gert ráð fyrir að þeir verði 9,7 milljarðar en í dag eru þeir 7,7.

Mesta fjölgunin verður í Afríku sunnan Sahara. Evrópubúum mun hins vegar fækka um 117 milljónir samkvæmt spánni. Þá er því spáð að Indland taki sæti Kína sem fjölmennasta ríki heims árið 2027.

Fæðingartíðni hefur lækkað í heiminum undanfarna áratugi en árið 1990 átti hver kona að meðaltali 3,2 börn. Í dag er meðaltalið 2,5 börn en um miðja öldina stefnir í að talan verði komin í 2,2 börn.

Sameinuðu þjóðirnar telja vanda- mál tengd öldrun samfélaga meðal stærstu breytinga 21. aldarinnar. -þea / sjá síðu 6

Harpa fór í aðra liðþófaaðgerð

FÓTBOLTI Markahrókurinn Harpa Þorsteinsdóttir þurfti að fara aftur undir hnifinn vegna rifu í liðþófa og kemur hún því ekkert við sögu á þessu tímabili. Harpa er samningslaus og veit að endurhæfingin mun taka sinn tíma en stefnir á að komast aftur út á völl á næsta ári. - kpt / sjá síðu 10



Patti Smith kom fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í Laugardalnum í gærkvöldi við mikið lof viðstaddra. Hin 72 ára Smith er mikill Íslandsvinur og hefur áður haldið hér ferna tónleika, síðast í Eldborgarsal Hörpu árið 2014. Í gær var lokadagur Secret Solstice, en hátíðin hefur staðið síðan á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðrún Hafsteinsdóttir skrifar um bætt lífskjör og EES-samninginn. **8**

SPORT Mörg spurningamerki eru innan leikmannahóps Arsenal fyrir næsta tímabil. **12**

MENNING Á Kjarvalsstöðum er nú að finna yfirlitssýningu á verkum Sölva Helgasonar. **18**

LÍFIÐ Secret Solstice hátíðinni lauk í Laugardalnum í gær. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR



KRONAN


Hrista
hrista
hrista

Jiffy pop

399 kr. pk.

www.kronan.is

Veður



Suðvestan 3-10 m/s, en 8-15 á annesjum norðvestan til. Skýjað að mestu en bjart með köflum austan- og suðaustanlands. Litils-háttar úrkoma á morgun, en áfram þurrast austan til. Hiti 8 til 22 stig, hlýjast á SA-landi. **SJÁ SIÐU 16**



Rafmagnshjól eru að verða sífellt vinsælli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stöðug aukning í sölu rafhjóna

SAMGÖNGUR Talsmenn reiðhjóna-verslananna Arnarins og Tri ehf. segja sölu rafmagnshjóna hafi aukist talsvert frá því í fyrra en ekki sé hægt að tala um sprengingu.

„Miðað við hvað hefur verið að gerast úti í Evrópu er ekki hægt að tala um sprengingu hér á landi,“ segir Jón Pétur Jónsson, eigandi Arnarins. „Ég veit ekki hvort Íslendingar séu svona seinteknir fyrir rafmagn en um leið og þeir prófa þetta koma þeir aftur brosandir út í bæði.“

Aðspurður um aldurshópana segir Jón kaupendahópin á hefðbundnum rafmagnshjólum vera í eldri kantinum en yngra fólk sækir heldur í rafmagnsfjallahjól. -atv

13 milljónir til réttinda hinsegin fólks

SAMFÉLAG Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, hefur ákveðið að verja þrettán milljónum króna í sérstakt verkefni skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR). Verkefnið snýr að því að vinna að útbreiðslu réttinda hinsegin fólks um allan heim og er framlagið í samræmi við áherslur Íslands í mannréttindaráði sameinuðu þjóðanna. Ráðið fundar í Genf í dag á sínum fertugasta og fyrsta fundi og eru jafnréttismál þar efst á dagskrá. -bdj

Fótboltastjórnur framtíðarinnar



Það var hart barist í nágrannslag Selfoss og Hamars úr Hveragerði á Norður-álmótinu á Akranesi um helgina. Um 1.500 strákar úr 7. flokki af öllu landinu komu saman til þess að spila fótbolta og skemmta sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá mótinu er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Hlaðvarp Bubba Morthens komið í loftið

AFPREYING Fyrsti þáttur af hlaðvarpi Bubba Morthens, Sögur af plötum, fór í loftið á föstudag á Hlaðvarpi Fréttablaðsins. Þættirnir verða gefnir út vikulega þar sem Bubbi mun rýna í tíu plötur sem hann hefur gefið út og fá til sín gesti sem komu að framleiðsluferli hverrar plötu.



Bubbi Morthens.

Fyrsti þátturinn er tileinkaður fyrstu plötu Bubba, Ísbjarnarblús, sem kom út 17. júní árið 1980. Gestur þáttarins er gítarleikarinn Sigurgeir Sigmundsson sem fer með Bubba yfir aðdraganda og aðstæður við tókur á plötunni. -atv

Slysaþætta vegna tólf yfirgefina bústaða

Heilbrigðiseftirlitið segir umgengni við sumarhúsaloðir við Elliðavatn óásættanlega og krefst hreinsunar á svæðinu undir eins. Sýslumaður hefur fengið frest til þess að bregðast við kröfunni vegna flókinnar stöðu mála.

KÓPAVOGUR Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur nú sent kröfu til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu varðandi umgengni í og við tólf gamla sumar-bústaði sem standa á svæðinu við stendur Elliðavatns, en allar lýsingarnar hljóða á svipaðan hátt:

„Vatnsendablettur 170. Hús er að hrynja og er hættulegt, búið er að brjóta allt sem hægt er. Stendur opið. Hreinsa þarf allt lauslegt af lóðinni. Æskilegt að rífa húsíð.“

„Vatnsendablettur 43. Hús illa farið, búið er að brjóta allt sem hægt er. Stendur opið. Hreinsa þarf allt lauslegt af lóðinni. Æskilegt að rífa húsíð. Bilhræ þarf að fjarlægja.“

Í bréfi heilbrigðiseftirlitsins til sýslumanns er ástandinu lýst. „Á svæðinu er nokkur fjöldi gamla kofa eða smáhýsa sem á árum áður voru nýttir sem sumarbústaðir en hafa flestir staðir tómir og yfirgefni um árabil. Skemmdarvargar hafa farið um svæðið og rústað bústöðum, brotið allar rúður, hurðir, skemmt veggi og palla og eyðilagt innréttingar og innbú.“

Þá segir í bréfinu að spýtnabrák, brotnar rúður og ýmiss konar rusl og jafnvel spilliefni sé víða dreift um lóðirnar. „Bifreiðar sem lagt hefur verið á svæðinu hafa einnig fengið að kenna á skemmdarvörgum. Ásýnd svæðisins er til verulegra lýta. Svæðið er ógirt. Slysaþætta getur stafað af svæðinu fyrir börn, fullorðna og gæludýr þegar fólk á þarna leið um. Vaxandi fókætta er frá svæðinu og viðbúið að skemmdarvargarnir kveiki í kofunum líkt og gerst hefur ítrekað austan Elliðavatns.“

Íbúar svæðisins hafa kvartað í næstum tvö ár yfir umgengninni



Ljóst er að ástandið er ekki boðlegt íbúum nærliggjandi byggðar. Heilbrigðiseftirlitið segir æskilegt að húsin verði rifin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

●● Hús er að hrynja og er hættulegt, búið er að brjóta allt sem hægt er. Stendur opið. Hreinsa þarf allt lauslegt af lóðinni. Æskilegt að rífa húsíð.

Úr bréfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

en ekkert hefur breyst, en Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis segir það vera vegna flókinnar stöðu varðandi dánarbú látins eiganda lóðanna,

Þorsteins Hjaltested. „Bréfið er nú til skoðunar hjá sýslumanni, en þar sem það eru mjög takmarkaðar heimildir sem sýslumaður hefur til athafna fyrir hönd dánarbús er þetta erindi til nánari umfjöllunar og hafa þeir því fengið frest til að svara fyrirspurn okkar.“

Í bréfinu vekur Heilbrigðiseftirlitið einnig athygli sýslumanns á því að Kópavogsbær bjóðist til að hreinsa lóðirnar á sinn kostnað, en þurfi formlegt samþykki lóðarhafa til að hefja hreinsunarstarf. „Heilbrigðiseftirlitið skorar á forsvarsmann dánarbúsins að nýta sér þessa þjónustu Kópavogsbæjar. Að öðrum kosti mun heilbrigðiseftirlitið láta hreinsa lóðirnar á kostnað lóðarhafa.“ palmik@frettabladid.is

Garðtraktorar fyrir þá kröfuhörðu



Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Baldursnes 8
603 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opið alla virka daga
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Yaris Hybrid

50% rafdrifinn*



Yaris – verð frá: 2.460.000 kr.
Yaris Hybrid – verð frá: 3.080.000 kr.



Nettur og nýstárlegur Yaris er pottþétt týpa og hlaðinn orku með endurbættu Hybrid kerfi. Njóttu þess að fljúga gegnum daginn með gleðina, gæðin og umhverfið í fyrsta sæti. Komdu og reynsluaktu þessum eðalfína Yaris orkubolta hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota. Orkuskiptin eru hafin.

2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Yaris.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á akurstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Bragi Þór Antoniusson, markaðsstjóri Elko. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

DVD-diskar úr hillum Elko

VIÐSKIPTI Raftækjaverslunin Elko hefur ákveðið, eftir að hafa selt DVD-diska allt frá árinu 1998, að hætta sölu þeirra. Diskarnir sem enn eru til á lager verða settir á rýmingarsólu sem mun ljúka þegar síðasti diskurinn er seldur. Frá þessu greindi verslunin fyrir helgi en markaðsstjóri Elko segir að seldir hafi verið 1.985.000 DVD-myndiskar í verslunum fyrirtækisins undanfarið 21 ár.

Áhorf á barnamyndir, sem hafa verið stór hluti af sölnni síðustu ár, er sömuleiðis að færast yfir í spjaldtölvur og streymisveitur.

Bragi Þór Antoniusson, markaðsstjóri Elko

„Í dag er hægt að nálgast allt þetta efni í gegnum hinar ýmsu streymisveitur. Áhorf á barnamyndir, sem hafa verið stór hluti af sölnni síðustu ár, er sömuleiðis að færast yfir í spjaldtölvur og streymisveitur í sjónvarpi og því komið að því að hætta alfarið með þennan vöruflokk og rýma fyrir nýjum vörum og nýjum tímum,“ segir Bragi Þór Antoniusson, markaðsstjóri ELKO. Í stað DVD-deildarinnar verður komið fyrir sérstakri rafíþróttadeild þar sem boðið verður upp á aðstoðu til spilunar í besta mögulega búnaði sem til er hverju sinni. –la

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Ekki forsvaranlegt að loka börn inni í menguðu húsnæði

Samdráttur í útgjöldum til viðhalds eftir hrun hefur leitt til mygluvandamála í skólum. Sveppafræðingur segir ekki forsvaranlegt að loka börn inni í húsnæði sem mengað er af myglu. Fyrirverandi starfsmaður Breiðholtsskóla segist hafa fundið fyrir alvarlegum einkennum sem lækni rakti til myglu.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er á því að gamalt fólk sem fær heimahjúkrun og ýmsa aðstoð á vegum sveitarfélagsins svo að það geti dvalið sem lengst heima hjá sér, ætti að fá smíð í heimsókn sem hluta af þjónustunni. Það gerist of oft að þegar fólk eldist að það hætti að geta sinnt eðlilegu viðhaldi húsnæðisins og þá er hætt á að það fari að mygla en sjúklingar og gamalt fólk er svo viðkvæmt fyrir mengun af því tagi. Eftir hrúnið var víða dregið saman í útgjöldum til viðhalds, það er að koma í bakki á fólki núna,“ segir Guðrjúður Gyða Eyjólfssdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fossvogsskóla var lokað í vor eftir að mygla fannst í húsnæðinu, en einnig er verið að skoða ástand Ártúnsskóla. Í vor var álmu í Breiðholtsskóla lokað í kjölfar þess að mygla fannst í húsnæðinu. Um er að ræða átta kennslustofur sem verða endurnýjaðar að fullu innandyrá, búist er við því að framkvæmdum ljúki næsta haust.

Mygla leggst mismunandi á einstaklinga og er aðeins lítill hluti fólks sem fær mjög sterk einkenni. Fyrirverandi starfsmaður skólans, sem vill ekki koma fram undir nafni að svo stöddu, segir að hann hafi ekki verið sá eini sem fann fyrir einkennum.

„Það fyrsta sem lækni sagði við mig var að ég væri að vinna einhvers staðar þar sem er mikill sveppur. Það eina sem kæmi til greina væri mygla,“ segir starfsmaðurinn fyrirverandi. Hann starfaði þangað til í fyrra nálægt álmunni sem var lokað. Segir hann að það hafi tekið sig nokkra mánuði að ná sér að fullu. „Mér leið eins ég reykti karton á dag. Ég þarf stundum enn að rækja mig.“

Fram kemur í minnisblaði Mannvits frá því í byrjun árs að engar sýnilegar rakaskemmdir hafi fundist við frumskoðun í Breiðholtsskóla en sýni voru tekin vegna kvartana starfsfólks um slappleika. Sýnin voru send á Náttúrufræðistofnun Íslands. Í þremur affjórum kennslustofum þar sem tekin voru sýni fundust vísbendingar um ástand sem ástæða væri til að bregðast við, þar á meðal klumpur af brúnum sveppafrumum sem eiga líklega uppruna að rekja innandyrá.



Í álmunni sem var lokað í Breiðholtsskóla í vor eftir að mygla fannst þar eru átta kennslustofur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er ekki forsvaranlegt að bjóða börnum upp á að vera lokað inni heilan vetur í menguðu húsnæði því börn, fólk með langvarandi sjúkdóma og gamalt fólk er viðkvæmast fyrir þessari mengun.

Guðrjúður Gyða Eyjólfssdóttir, doktor í sveppafræði hjá Náttúrufræðistofnun Íslands



Sýni sem tekið var úr útvegg einnar kennslustofunnar reyndist mengað af sveppagróm.

Fréttablaðið bar niðurstöður sýnatöknunar undir Guðrjúði Gyðu. Miðað við þær sveppategundir sem fundust segir Guðrjúður Gyða

Uppsöfnuð viðhaldsþörf

Í svari frá borginni við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að viðhaldsþörf í grunnskólunum sé uppsöfnuð og afleiðing af efnahagssamdrættinum sem varð eftir hrúnið. Er nú verið að vinna það upp með auknum fjárfraumlögum til viðhalds.

Hjá Reykjavíkurborg er miðað við að 1,5 prósent af stofnkostnaði fari í viðhaldskostnað. Á árunum 2009-2013 runnu að 0,64 prósent af stofnkostnaði til

viðhalds í grunnskólum borgarinnar, það hlutfall hækkaði í 1,33 prósent á árunum 2014 til 2017. Þetta hækkaði í fyrra upp í 1,83 prósent en í ár er ráðgert er að verja 1,63 prósent af stofnkostnaði í viðhald. Alls runnu 267 milljónir til viðhalds á Breiðholtsskóla á árunum 2013 til 2018, þar af runnu 112 milljónir í átaksverkefni árið 2014. Í fyrra runnu 35 milljónir til viðhalds og 16 milljónir árið áður.

að hún myndi byrja að leita undir gólfefnunum og líta síðan á sögu byggingarinnar hvað varðar leka og vatnstjón. Guðrjúður Gyða segir það geta verið mjög heilsuspillandi að dvelja í húsnæði menguðu af myglu og að það gæti gert einstaklinga viðkvæmari fyrir myglu.

„Það er ekki forsvaranlegt að bjóða börnum upp á að vera lokað inni heilan vetur í menguðu hús-

næði því börn, fólk með langvarandi sjúkdóma og gamalt fólk er viðkvæmast fyrir þessari mengun.“

Ekki sé nóg að drepa mygluna, það þurfi að hreinsa hana alveg í burtu til að koma í veg fyrir að agnir úr henni berist í fólk. Um sé að ræða vistkerfi sem fylgir því þegar húsnæði blotnar og mengar andrúmsloftið inni í húsum.

arib@frettabladid.is

ramisland.is

NÝR RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT. NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BOÐI.

EIGUM TIL Í CREW CAB, BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM EINNIG.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

CREW CAB

ramisland.is

NÝR RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT. NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BOÐI.

EIGUM TIL Í CREW CAB, BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM EINNIG.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU



GLÆNÝR MAZDA3 SEDAN

NÝ M-HYBRID TÆKNI

Brimborg frumsýnir Mazda3 SEDAN með nýrri M-Hybrid tækni sem minnkar eldsneytisnotkun, dregur úr losun CO2 og eykur afl. Nýr Mazda3 SEDAN er gríðarlega vel búinn. Komdu og prófaðu.

Hönnun Mazda3 er einstök og dásömuð af sérfræðingum um allan heim. Mazda3 SEDAN er sannkallað listaverk að utan sem innan – sannkölluð veisla fyrir skynfærin

Verð frá: 3.490.000 kr.

GLÆSILEG HÖNNUN, AFL, LIPURÐ OG AFBURÐA AKSTURSEIGINLEIKAR EINKENNA MAZDA

Mazda hefur notið mikilla vinsælda og trausts á Íslandi í áratugi. Mazda hefur líka alltaf verið í farabroddi í hönnun og tækniframförum. Þar nær japanskt hugvit og hönnun hæstu hæðum sem skilar sér í stórkostlegum bílum sem fólk elskar að keyra. Hefur þú upplifað tilfinninguna að keyra nýjan Mazda? Í dag er upplagt tækifæri!

KOMDU, PRÓFAÐU OG UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU!



Öruggur staður til að vera á

Mikil fólksfækkun í Evrópu til 2100

Lækkandi fæðingartíðni í Evrópu þýðir mikla fólksfækkun fyrir aldarlok. Hærrí meðalaldur innan álfunnar gæti reynst erfið áskorun. Heilt yfir fjölga jarðarbúum í tæpa ellefu milljarða árið 2100 og mun mest fjölgun eiga sér stað í Afríku sunnan Sahara.

HEIMSMÁL Íbúar Evrópu verða um 630 milljónir árið 2100. Það er 117 milljónum færri en í ár. Þetta er á meðal þess sem kom fram í nýrri mannfjöldaskýrslu sem mannfjöldadeild Sameinuðu þjóðanna birti fyrir í vikunni. Hins vegar mun íbúum heims fjölga talsvert heilt yfir. Búist er við því að jarðarbúar verði 9,7 milljarðar um miðja öld og að fjölgunin muni ná hápunkti árið 2100, verða 10,9 milljarðar.

Á meðan Evrópubúum mun fækka er talið að það verði fólksfjöldasprengring í Afríku sunnan Sahara. Þar gæti fólksfjöldi tvöfaldað á næstu þrjátíu árum. Indverjum heldur áfram að fjölga og verður þjóðin sú fjölmennasta í heimi í kringum árið 2027.

Fæðingartíðni í heiminum hefur lækkað undanfarna áratugi og lítur því út, eins og áður segir, að fjölgunin toppi um næstu aldamót. Meðalkonan átti 3,2 börn árið 1990, 2,5 barn í ár og um miðja öld mun talan standa í 2,2.

Ríki Evrópusambandsins og Japan hafa verið á undan þessari þróun og er fæðingartíðni þar vel undir þeim 2,1 sem sagt er nauðsynlegt til að viðhalda fólksfjölda í skýrslunni. Fæðingartíðni í Evrópusambandinu er um 1,6 og um 1,8 í Japan. Á Íslandi stóð talan í 1,7 á síðasta ári.

Þessi þróun sem nú þegar má greina í Evrópu, Japan og víðar þýðir að samfélög verða eldri. Samkvæmt skýrslu sem framkvæmdastjórn ESB birti á síðasta ári er horft fram á að fólki á milli fimmtán og 64 ára, það er að segja sá hluti samfélagsins sem tekur hvað virkastan þátt í atvinnulífinu, muni fækka úr 333 milljónum árið 2016 í 292 milljónir árið 2070.


„Spár gera ráð fyrir því að fjárhagsleg áhrif þessa verði mikil fyrir öll aðildarríki og að áhrifin verði strax ljós á næstu tveimur áratugum. Innan Evrópusambandsins er búist við því að heildarkost-



Meðalaldur í Evrópu er hár og er von á fólksfækkun. NORDICPHOTOS/AFP


Próun íbúafjölda í heiminum, Evrópu og á Íslandi

Heimurinn




1950	2,54 milljarðar
2019	7,71 milljarðar
2050	9,74 milljarðar
2100	10,87 milljarðar

Evrópa



1950	549 milljónir
2019	747 milljónir
2050	710 milljónir
2100	630 milljónir

Ísland



1950	143 þúsund
2019	339 þúsund
2050	377 þúsund
2100	353 þúsund

10,9

milljarðar verða íbúar jarðarinnar árið 2100

aður öldrunar, það er eftirlauna-greiðsla, heilbrigðisþjónusta, menntunar og atvinnuleysisbóta, aukist um um 1,7 prósentustig og verði því 26,7 prósent af vergri landsframleiðslu,“ sagði í tilkynningu um þá skýrslu.

Þessi lága fæðingartíðni og hækkandi meðalaldur hefur í för með sér, samkvæmt umfjöllun The New York Times um skýrslu SP, erfiðleika við að viðhalda grunnstöðum velferðarkerfis vegna þess aukna álags sem von er á.

„Flest þeirra samfélaga sem örast vaxa eru í fátækustu ríkjunum þar sem mannfjöldaaukningin hefur í för með sér auknar áskoranir í baráttunni gegn fátækt, hungri og vannæringu og fyrir jafnrétti og sterkum innviðum,“ hafði Financial Times eftir Liu Zhenmin, yfirmanni efnahags- og félagsmála hjá SP.

Afríka keyrir fjölgunina áfram

Samkvæmt skýrslu SP mun fólksfjöldi í Afríku sunnan Sahara tvöfaldað á næstu þrjátíu árum. Fjölgunin mun, samkvæmt spám, nema einum milljarði og færist heimshlutinn nær því að verða sá fjölmennasti í heiminum.

Alls er útlit fyrir að Afríka sunnan Sahara verði ábyrg fyrir rúmum helmingi allrar fólks-

fjölgunar fram til 2050 og að fjölgun þar haldi ört áfram allt til aldarloka. Þessi þróun hefur verið einstaklega greinileg í Nígíeríu undanfarna áratugi en þar hefur íbúum fjölgað úr 95 milljónum árið 1990 í 201 milljón á þessu ári. Nígíeríumenn verða samkvæmt spánni rúmlega 400 milljónir um miðja öld.

„Flest þeirra samfélaga sem örast vaxa eru í fátækustu ríkjunum þar sem mannfjöldaaukningin hefur í för með sér auknar áskoranir í baráttunni gegn fátækt, hungri og vannæringu og fyrir jafnrétti og sterkum innviðum,“ hafði Financial Times eftir Liu Zhenmin, yfirmanni efnahags- og félagsmála hjá SP.

Fjölmenn mót mæli í Prag

TÉKKLAND Tékkar sófnuðust í gær saman í Letna-garðinum til þess að kalla eftir afsögn forsætisráðherra landsins, Andrej Babis. Mótmælin eru þau stærstu í landinu síðan í Flauelsbyltingunni árið 1989 sem steypti kommúnískri ríkisstjórn Tékkóslóvakíu af stóli.

Mótmælin eru hápunktur raða mótmæla á síðustu vikum gegn Babis, sem hefur sætt rannsóknna vegna meintra fjárfvika og hagsmunaaðrekstra, ásökunum sem hann harðneitar.

Tékkar eru um 10,7 milljónir talsins en skipuleggjendur mótmælanna telja að um 250 þúsund hafi mætt. Mótmælendur báru skilti og borða sem á stóðu „Segðu af þér“, „Við höfum fengið nóg“ og „Við munum ekki láta lýðræðið eftir.“ Aðrir veifudu fánun Tékklands og Evrópusambandsins.

Vantrauststillaga sem stjórnarandstaðan hyggst leggja fram á

» Talið er að um 250 þúsund manns hafi mótmælt forsætisráðherra.

miðvikudaginn verður að öllum líkindum felld en Babis nýtur nægs stuðnings þingsins og hefur fastlega neitað því að segja af sér sem forsætisráðherra.

Lögreglan í Tékklandi lagði til að Babis, sem er oft líkt við Donald Trump forseta Bandaríkjanna vegna fjárfhags hans og viðskiptaumsvifa, yrði kærður fyrir fjárfsvik vegna notkunar hans á niðurgreiðslu frá ESB til þess að byggja hótél rétt fyrir utan Prag. Babis neitar öllum misgerðum.

Skipan nýs dómsmálaráðherra stuttu eftir tilkynningu lögreglunnar leiddi svo til fjöldafundar mótmælenda. - pk

Flokkur Erdogan tapar í Istanbúl

TYRKLAND AKP, stjórnmaflokkur Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseta hefur nú tapað aftur eftir endurteknar borgarstjórnkosningar í Istanbúl. Ekrem Imamoglu, frambjóðandi stærsta stjórnarandstöðuflokksins, sigraði og fékk 54 prósent atkvæða.

Þetta er í annað sinn sem kosningarnar eru haldnar en Imamoglu bar óvæntan sigur úr bítum með 13 þúsund atkvæða mun í mars síðastliðnum. Þær kosningar voru ógiltar eftir kvartanir frá hinum ráðandi AKP flokki. Voru kosningarar endurteknar vegna frávíka í talningu atkvæða.

Niðurstöðurnar eru talsvert bakslag fyrir Erdogan sem hefur áður sagt að sá sem vinni Istanbúl, vinni Tyrkland. Imamoglu sagði í siguræðu sinni útkomuna marka „nýja byrjun“ fyrir bæði borgina og landið. „Við erum að fletta nýrri blaðsíðu í sögu Istanbúl,“ sagði Ima-



Stuðningskona Ekrem Imamoglu fagnar sigrinum. FRÉTTABLAÐID/EPA

moglu. „Á þessari síðu verður réttlæti, jafnrétti, ást.“

Sigur Imamoglu með rúmlega 775 þúsund atkvæða mun sýnir stórkæði fylgi samanborið við niðurstöður kosninganna í mars.

Erdogan, sem er frá Istanbúl, var kosinn borgarstjóri þar árið 1994 og stofnaði svo AKP árið 2001. Í kjölfarið var hann forsætisráðherra frá

árinu 2003, þar til hann varð loks forseti Tyrklands 2014.

„Erdogan er mjög áhyggjufullur,“ sagði Murat Yetkin, blaðamaður og rithöfundur, í aðdraganda kosninganna. „Hann er að spila hverju einasta trompi sem hann hefur. Ef hann tapar markar það endalok stöðugs pólitískis gengis hans síðasta aldarfjórðunginn.“ - pk



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is



Allt fyrir
atvinnueldhús
veitingastaði
kaffihús og hótél



Allt fyrir
mötuneyti
og matvinnslur

retigo[®]
VISION

400 Retigo ofnar
seldir í íslensk
atvinnueldhús



ORANGE Vision

BLUE Vision

KEN

Uppvottavélar
í stóreldhús
og mötuneyti



Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4

PORKKA

SCAN
domestic

ANIMO

TECNO DOM spa
refrigerazione



retigo
vision

LAINOX



Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is



Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

+PLÚS



Gleði og góðir taktar

Norðurlásmótið fór fram í blíðviðri á Akranesi um helgina. Þar kepptu um 1.500 fótboltastrákar í 7. flokki. Gleðin var allsráðandi og frábærir taktar sáu hjá þessum stjörnum framtíðarinnar. Anton Brink tók þessar myndir.



Sjálfsmyndin



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Dagleg orðræða vill oft einkennast af neikvæðni og átökum. Þetta á við of marga af talsmönnum einangrunar og þjóðrembu sem draga í efa nauðsyn alþjóðasamvinnu. Þeir finna sér stöðugt tilefni til að mótmæla alþjóðlegum skuldbindingum og Evrópusamvinnu.

Tilhneingin er reyndar oft sú að væringar og óvissa á alþjóðavettvangi verði til þess að þjóðir beini sjónum sínum inn á við. Þetta þarf ekki að vera neikvætt en verður það samt oft. Ötinn rekur fólk og jafnvel þjóðir til einangrunar með tilheyrandi fordómum og heift í garð þeirra sem fylgja öðrum síðum og venjum. Þetta hafa innflytjendur víðs vegar um heim fengið að reyna, ekki síst þeir er hafa önnur trúarbrögð en heimamenn.

Þessi viðhorf ganga gegn tímans takti enda kalla áskoranir dagsins á samvinnu þjóða. Við Íslendingar erum æ meira tengdir. Misskipting auðs og valda í öðrum heimsálfum kann jafnvel að hafa áhrif á þjóðaröryggi okkar. Áskoranir varðandi upplýsingamengun og loftslagsmál eru okkar allra, svo eitthvað sé nefnt. Lífskjör þjóðarinnar verða ekki bætt án virkrar alþjóðabátttöku og aðgangi að mörkuðum.

Það voru því góðar fréttir er bárust af niðurstöðum könnunar, sem gerð var fyrir utanríkisráðuneytið, um viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs.

Þar kemur fram að þorri Íslendinga er jákvæður í garð alþjóðastofnana og þátttöku Íslands almennt í alþjóðlegu samstarfi. Drjúgur meirihluti Íslendinga telur hagsæld landsins byggjast að miklu leyti á alþjóðlegri samvinnu, eða um 73,6 prósent. Þá telja 78,3 prósent hagsæld Íslands byggja á alþjóðavíðskiptum. Íslendingar eru sérlega jákvæðir í garð norræns samstarfs en 92 prósent landsmanna eru jákvæð gagnvart virkri þátttöku Íslands í Norðurlandasamstarfi. Þetta liggur í sameiginlegri sögu og gildum Norðurlandanna og svipaðri samfélagsgerð.

Sama gildir um þátttöku Íslands í störfum Sameinuðu þjóðanna þar sem 77,9 prósent þjóðarinnar styðja það starf. Stuðningurinn við Evrópska efnahagssvæðið var einnig afgerandi. Um 55 prósent landsmanna eru jákvæð í garð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið en einungis 11,8 prósent eru neikvæð.

Utanríkisráðherra Guðlaugur Þór var að vonum ánægður. „Það er ánægjulegt að sjá hversu alþjóðlega sinnaðir Íslendingar eru almennt og greinilegt að flestir vilja að Ísland taki áfram virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi, sérstaklega norrænu samstarfi og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna,“ segir hann.

Umfram allt dregur könnunin fram jákvæða sjálfsmynd þjóðar. Þetta er frjálslýnd, bjartsýn og alþjóðasinnuð þjóð. Talsmenn grámósku, einangrunarhyggju og ótta við hið óþekkt kunna að vera háværir á torgum en þeir tala ekki í nafni þjóðarinnar. Hér skiptir engu þótt þeir leiði stjórnmalaflokka eða fara fyrir fjölmöldum.

Þetta er þjóð sem þorir, vill og getur, svo vitnað sé til forsætisráðherra á þjóðhátíðardegi. Það er harla gott veganesti til framtíðar.



Talsmenn grámósku, einangrunarhyggju og ótta við hið óþekkt kunna að vera háværir á torgum en þeir tala ekki í nafni þjóðarinnar. Hér skiptir engu þótt þeir leiði stjórnmalaflokka eða fara fyrir fjölmöldum.

Halldór



Frá degi til dags

Samfylkingartröll

Forsetaframbjóðandinn fyrrverandi í Hádegismóum er enn á flugi. Nú beinir hann spjótum sínum að Ólafi Þ. Harðarsyni, prófessor við Háskóla Íslands. Davíð segir Ólaf fráfrægt Samfylkingartröll úr Hafnarfirði og ekki beysinn fræðimann. Ólafur segir það áberandi hvað ungar konur innan Sjálfstæðisflokksins hafi verið óhræddar við að svara Davíð fullum hálsi. „Á meðan margir aðrir hafa látið skammir Davíðs svona um langa hríð yfir sig ganga, þá standa þessar ungu konur, reynslulausu ungu konur og svara fullum hálsi,“ sagði prófessorinn í samtali við RÚV og bætti því við að síðustu árin hafi Davíð staðið málefnalega mun nær Miðflokknum en Sjálfstæðisflokknum.

NATO og VG

Flest áhugafólk um stjórnmál liggur nú yfir könnun sem Maskína gerði fyrir utanríkisráðuneytið um viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs. Í ljós kemur að Íslendingar eru mjög alþjóðasinnadír. Um helmingur landsmanna er jákvæður gagnvart aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu en tæpur fimmtungur neikvæður. Það er ástæða til að vekja athygli á því að tæpur þriðjungur kjósenda Vinstri grænna er jákvæður gagnvart NATO. Er það jafnvel áhuga-verðara í sögulegu samhengi en þau átta prósent Miðflokksmanna sem vilja ganga í ESB. arib@frettabladid.is

Grundvöllur líf skjara



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður
Samtaka
iðnaðarins

Aldarfjórðungur er liðinn síðan EES-samningurinn tók gildi á Íslandi. Samningurinn hefur reynst vera einn mikilvægasti samningur sem Ísland hefur gert á lýðveldistímanum. Hann hefur opnað atvinnulífi aðgang að mikilvægu markaðssvæði, tryggt frjálslara flæði vara, fjármagns og þjónustu auk þess að tryggja okkur rétt til búsetu, atvinnu og náms í öðrum ríkjum. Samningurinn færði okkur úr gjaldyriðum sem höfðu þá varað í rúm 60 ár hér á landi. Íslendingar hafa notið ríkulega af kostum EES. Á tíma samningsins hafa landsframleiðsla og ráðstöfunartekjur einstaklinga aukist umtalsvert samhliða stóru auknum útflutningi. Landsframleiðsla á mann, sem er mælikvarði á efnahagslega velmegun, hefur aukist um 71% á tíma samningsins. Lífsgeði Íslendinga byggja á frjálsum viðskiptum við önnur lönd. Með minni viðskiptahindrunum aukast viðskipti. EES-samningnum hafa fylgt aukin viðskipti milli Íslands og EES-svæðisins. Hlutur aðildarlanda samningsins í vöruútflutningi Íslendinga hefur vaxið umtalsvert og er nú um 80%. Útflutningur vöru og þjónustu frá Íslandi hefur meira en þrefaldast á tíma samningsins. Aukin utanríkisviðskipti hafa síðan aukin hagvöxt og velmegun til heilla fyrir fyrirtæki og heimili í landinu.



Lífsgeði Íslendinga byggja á frjálsum viðskiptum við önnur lönd. Með minni viðskiptahindrunum aukast viðskipti.

Frjálst flæði vinnuafis innan EES-svæðisins hefur opnað aðgang að margfalt stærri vinnumarkaði. Mikill meirihluti þeirra 37.000 erlendra launamanna sem starfa hér kemur frá EES. Án þeirra væru lífsgeði okkar allra lakari og mannlíf okkar fábreyttara. EES hefur gert innlendum fyrirtækjum kleift að takast betur á við sveiflur í sinni starfsemi. Samningurinn hefur hjálpað til við sveiflujöfnun hagkerfisins – dregið úr verðbólgu á tíma uppsveiflu og aukningu atvinnuleysis í niðursveiflu. Með EES hefur fjöldi Íslendinga fengið tækifæri til að læra og starfa í EES-ríkjum og aflað sér þannig mikilvægrar þekkingar og reynslu.

EES hefur þjónað hagsmunum Íslands mjög vel. Það ætti að vera óumdeilt að samningurinn hefur verið afar mikilvægur fyrir íslenskt atvinnulíf og er hornsteinn af framfarum alþjóðlegu tengsla. Ég vona að samningurinn verði áfram það afl verðmætasköpunar sem hann hefur verið á síðustu 25 árum.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Veldu öruggt start með **TUDOR**

Frístunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Sjálfstæðið 2.0

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég þykist nokkuð viss um að í augum margra Íslendinga, ekki síst af eldri kynslóðinni, sé fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar það mikilvægasta sem Íslendingar hafa nokkurn tímann eignast. Fyrir því var jú barist og mikilvægt sé að Íslendingar glutri ekki niður sjálfstæði sínu. Það þurfi að verja. Ögnirnar séu hvarvetna.

Mín kynslóð, alin upp af fólki sem tók þátt í því af innblásinni hugsjón að byggja upp hið sjálfstæða þjóðfélag og auka velmegun þess, varð ekki ósnortin af þessum anda. Ég á minningar af sjálfum mér á námsárum í samkvæmum halda orðmargar ræður um mikilvægi þess að vera stoltur af því að vera Íslendingur, yfir fólki sem átti það alls ekki skilið. Ég hef staðið hræður við náttúruperlur þessa lands — einu sinni með plastpoka á hausnum einhverra hluta vegna — og hrópað hvílik óskapleg gæfa það er að vera Íslendingur og svo framvegis. Ég á mína lopapeysu. Ég borða mitt lamb. Ég spila á mína harmóniku. Ég raula með í þjóðsöngnum.

Skotgrafir umræðunnar

Ég held að hvert þjóðfélag sé ákaflega mikið markað af sögu sinni. Bandaríkjamenn deila mikið um byssueign. Það kemur okkur spáskt fyrir sjónir. Maður sér þær deilur í öðru ljósi þegar maður tekur með í reikninginn að það er ekki nema 150 ár síðan Villta vestrið var í algleymingi og

landnemar vörðu sig og sína með byssum. Byssan hefur einhvers konar þýðingu fyrir marga sem búa í samfélagi sem þannig varð til. Vonandi komast Bandaríkjamenn einhvern tímann nógu langt frá þeim veruleika til að geta endurskoðað samband sitt við morðvopn.

Hér á landi er sjálfstæðið ungt. Umræðan um sjálfstæðið hefur verið alltumlykjandi um árabíl. Sá sem vill ganga í ESB vill fóna sjálfstæðinu. Sá sem er á móti því vill verja sjálfstæðið. Sá sem vill samþykkja orkupakkann er á móti sjálfstæðinu. Sá sem vill hafna honum er með því. Orðræðan eftir hrun var haldin þessum ein-kennum að stórum hluta. Uppgjör þrotabúa og krafna voru séðar af sjónarhóli sjálfstæðisins. Ásakanir um að vilja fóna því spruttu upp í kjölfar hinna ólíklegustu lagalegu og efnahagslegu álitafna. Þetta gat orðið mjög þreytandi. Enda stórkostleg einföldun. Ég held að enginn Íslendingur vilji fóna sjálfstæðinu.

Tímabært að endurskoða

Það er orðið löngu tímabært að þessi orðræða öll sé endurskoðuð og samband þjóðarinnar við hið mikilvæga sjálfstæði sé hugsað upp á nýtt og merking hugtaksins skilgreind af meiri dýpt, og ásökunum um skort á sjálfstæðishugsjónum hætt í kjölfarið. Sjálfstæðið er ekki eins og hringurinn í Hringadróttinsögu. Þjóðin er ekki Gollum. Það er ekki meiningin að við eigum að hverfa inn í helli — eða út í móa — með sjálfstæðið, hlúa að því hvíslandi með sjálfum okkur — „my precious“ — og hvæsa á hvern þann sem nálgast okkur.

Sjálfstæðið er fengið. Við erum sjálfstæð. Það er mikilvægt að allir átti sig á þessu. Ég ætla að leyfa mér að láta eftirfarandi flakka: Baráttan fyrir sjálfstæðinu er ekki mikilvægasta baráttan dagsins í

dag. Það er vissulega mikilvægt að passa upp á það og missa það ekki, en önnur úrlausnarefni — aðrar áhyggjur — hafa tekið við og eru hundrað sinnum stærri. Núna þarf þjóðin að fara að beina sjónum sínum að þeim. Spurningin sem þarf að liggja til grundvallar umræðunni hér eftir er þessi: Hvernig ætlum við, sem einmitt sjálfstæð þjóð, að nýta krafta okkar og þá möguleika sem sjálfstæðið gefur okkur, til þess að láta gott af okkur leiða? Hvernig ætlum við að bæta heiminn? Hvernig ætlum við að taka þátt í því að afstýra ógnarstórum hættum sem blasa við öllu mannkyninu?

Margt er jú okkar

Það er ekki hægt að nálgast þetta verkefni sem vænisjúkir sjálfstæðissinnar, sem sjá ógnir í hverju horni við séríslenska hagsmunum. Margt er kannski okkar. Kjötið okkar, smjörið okkar, mjólkinn okkar, fossarnir okkar, fiskurinn okkar, fjöllin okkar, orkan okkar. Allt eru þetta ágætis hvísl fyrir Gollum og margt er þetta vissulega á ákveðinn hátt okkar, þótt arðurinn af mörgu þessu sé ekki endilega alveg okkar. Næsta skref hins vegar, í því endurskilgreiningarverkefni sem hér er til umfjöllunar, er að prófa að bæta orðinu „okkar“ fyrir aftan ótrúlega margt annað í veröldinni sem er Íslendingum ekki síður mikilvægt. Leyfum svo þeirri uppgötun, sem við vonandi gerum við þann orðaleik, að hafa áhrif á hugsun okkar og atferli. Jörðin okkar. Sólin okkar. Mannkynið okkar. Vísindin okkar. Viðskiptin okkar. Menningin okkar. Evrópa okkar. Friðurinn okkar. Réttlætið okkar. Hafid okkar. Andrúmsloftið okkar.

Í fyrstu útgáfu sjálfstæðisins, sjálfstæði 1.0, varð Ísland þjóð. Í næstu útgáfu verður hún að gerast þjóð á meðal þjóða. Það er sjálfstæði 2.0.

Réttindi hinsegin fólks eru mannréttindi



Guðlaugur Þór Þórðarson

Það var ánægjulegt að sjá í niðurstöðum könnunar á viðhorfi fólks til utanríkisþjónustunnar hversu margir telja jákvætt og mikilvægt að Ísland hafi tekið sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Ekki síður er jákvætt að sjá hversu margir telja að Ísland geti með sinni málafylgju á þeim vettvangi haft raunveruleg áhrif.

Það er einmitt mitt mat einnig og lá til grundvallar þeirri ákvörðun á sínum tíma að Ísland byðist til að taka sæti í ráðinu þegar sæti Bandaríkjanna þar losnaði með skömmum fyrirvara fyrir rúmu ári síðan.

